

Reykholahreppur
Maríutröð 5a Reykhólum
380 KRÓKSFJARÐARNES

Garðabær, 22. ágúst 2024
Málsnúmer: 202407-0017
SS

Efni: Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Kletts í Kollafirði

Vísað er í tölvubréf frá Reykhólahreppi sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 8 júlí 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um deiliskipulag að frístundabyggð í landi Kletts í Kollafirði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið. Skilgreindar eru 15 frístundalóðir sem fela í sér heimildir fyrir töluvert auknu byggingarmagni miðað við núverandi ástand á svæðinu. Flestar lóðirnar eru staðsettar á gömlum túnunum sem er jákvætt þar sem lítil hætta er á að vistgerðir með hátt verndargildi verði fyrir miklu raski.

Eins og fram kemur í greinargerð deiliskipulagsins falla fjörur og grunnsævi Kollafjarðar undir lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Deiliskipulagssvæðið liggur upp að verndarsvæðinu. Brýnt er að uppbyggingin feli ekki í sér neikvæð áhrif á lífríki á grunnsævi og í fjörum og þar þarf einna helst að horfa til fyrirkomulags fráveitu. Fram kemur að lóðarhafar skuli sameinast um fráveitukerfi og að illmögulegt sé að koma fyrir rotþróum. Mikilvægt er að fráveitukerfi verði skilvirkt.

Fram kemur að svæðið sé undir hverfisvernd í aðalskipulagi og því fylgi kvaðir um að raska eins litlu svæði og kostur er og forðast framræslu votlendis. Þótt votlendi verði líklega ekki raskað að neinu ráði þá er fjöldi lóða óneitanlega mikill og byggingarheimildir á þeim rúmar sem og gert ráð fyrir allnokkru vegakerfi. Því er ljóst að stórt svæði mun verða fyrir umtalsverðu raski sem fer illa með skilmálum hverfisverndarinnar að mati Náttúrufræðistofnunar.

Búast má við því að fuglar nýti áætluð uppbyggingarsvæði sem búsvæði þ.m.t. tún. Forðast ætti að fara í framkvæmdir á varptíma til að draga úr neikvæðum áhrifum á fuglalíf svæðisins umfram það sem rask vegna framkvæmda mun óneitanlega hafa.

Jákvætt er að óheimilt er að sá lúpinu. Náttúrufræðistofnun telur að almennt ætti að leggja áherslu á að planta gróðri sem fellur vel að náttúrulegu gróðurfari svæðisins og forðast framandi tegundir sem eru líklegar til að dreifa sér inn í nálæg gróðurlendi en víða í Kollafirði er t.d. töluvert um náttúrulegt birkikjarr.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs